

Nd.

564. Nefndarálit

um frv. til l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ýtarlega á mörgum fundum. Flytur nefndin allmiklar breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali.

Öll nefndin er sammála um það að mæla með samþykkt frumvarpsins, en verulegur ágreiningur er um sumar breytingartillögur nefndarinnar. Hafa nefndarmenn því óbundin atkvæði um breytingartillögur og áskilja sér einnig rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja annarra breytingartillögum.

Aðalágreiðingur innan nefndarinnar felst í því, að einn nefndarmaður, Sigurður Guðnason, er því móttfallinn að taka nýbýlastjórn inn í frumvarpið, en vill hafa stjórn þessara mála á þá leið, sem í frumvarpinu er greint.

Alþingi, 15. marz 1946.

Jón Pálmason,
form., frsm.

Bjarni Ásgeirsson,
fundaskr.

Barði Guðmundsson.

Sigurður Guðnason.

Jón Sigurðsson.